

# Leikskólinn Eyrarvellir

## Jafnréttisstefna

Markmiðið með jafnréttisstefnu leikskólans er að tryggja fullt jafnrétti kynjanna þ.e. barna, starfsmanna og foreldra. Jafnréttisstefnan er leiðarvísir fyrir starfsfólkið til að stuðla að góðu jafnræði í hvívetna. Í jafnréttisstefnunni er lögð áhersla á góð samskipti við börnin, á milli barnanna innbyrðis, á milli starfsfólksins og við foreldra barnanna.

### Börn og nám þeirra

#### Í leikskólanum Eyrarvöllum:

- er mætt þörfum sérhvers barns óháð kyni. Tryggja ber að drengir og stúlkur hafi sama rétt, fái sama viðmót og njóti sömu hvatningar og örvunar til að taka þátt í öllum þeim viðfangsefnum sem leikskólinn býður upp á
- tekur skipulag leikskólastarfsins mið af jafnrétti beggja kynja, þar sem stúlkur jafnt sem drengir fá að njóta sín
- er stuðlað að vináttu og samleik og jákvæðum samskiptum drengja og stúlkna
- eru leikföng og efniviður sem höfða jafnt til stúlkna og drengja
- er forðast að hafa staðalímyndir og að jafnvægi sé á milli þeirra kynjafyrirmynda og hugmynda sem birtast í bókum og/eða söngtextum
- er jafnræðis gætt í framkomu og viðmóti við börnin. Leitast er við að tala ókynbundið til barnanna, nota heldur orðið börn eða krakkar en stúlkur og drengir. Varast ber að nota hugtök sem upphefja eða niðurlægja annað kynnið
- er stuðlað að því að börn upplifi það eðlilegt að bæði kyn vinni hin ýmsu störf í samfélaginu og innan heimilanna
- sem jafnasta kynjaskiptingu er á deildum

### Foreldrar

#### Í leikskólanum Eyrarvöllum:

- eru báðir foreldrar hvattir til þátttöku í leikskólastarfinu
- er upplýsingastreymi beint til beggja foreldra
- er stuðlað að góðu samstarfi við báða foreldra

## **Starfsmenn**

### **Í leikskólanum Eyrarvöllum:**

- er stuðlað að því að karlar jafnt sem konur ráðist til starfa
- er vinnuframlag og ábyrgð beggja kynja jafnt
- er stuðlað að umræðum um jafnréttismál og unnið gegn því að litið sé á störf í leikskólunum sem kvennastörf

Til að viðhalda jafnréttisstefnu leikskólanna skal einn starfsmannafundur á ári tileinkaður jafnréttisumræðu.